

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð, nr. 521/2004, um lánshlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „Uppfærð áhvílandi ÍLS-veðbréf og fasteignaveðbréf, sem skipt hefur verið fyrir húsbref“ í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: Uppfærð áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs.

2. gr.

Í stað orðanna „áhvílandi ÍLS-veðbréfa og fasteignaveðbréfa, sem skipt hefur verið fyrir húsbref“ í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Lánsumsóknir sem berast sjóðnum fyrir gildistöku reglugerðarinnar skulu afgreiddar á grundvelli 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 521/2004.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. október 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.